



5. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 15. desember 2020.

Fundurinn var haldinn rafrænn kl. 17:30

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvardsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Lára Berglind Helgadóttir (LBH), Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG), og Reynir Ingi Árnason (RIÁ).

Mættir starfsmenn:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK), framkvæmdastjóri og Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) íþróttafulltrúi

Dagskrá:

1. Íþróttamaður og kona ársins

Búið að velja tilnefningar hverrar deildar og búið að setja inn fyrstu tilnefninguna á Facebook síðu Aftureldingar og verður sett inn ný tilnefning á hverjum degi þar til yfir lýkur. Nefndin fundaði á mánudag, þau Ívar Benediktsson, Hanna Björk Halldórsdóttir og Geirarður Long sem völdu íþróttamann og konu ársins út frá tilnefningum frá deildunum.

Búið er að ákveða að keyra út verðlaun fyrir hverja deild þann 29. desember en þann 31.

desember kl. 11 verður haldinn lítill viðburður við UMFA skilti að Varmá þar sem íþróttamaður og kona ársins verða krýnd ásamt þjálfari ársins og vinnuþjarkurinn og verður bein útsending á Facebook.

Einnig verður gefinn þakkarskjöldur fyrir fyrirtæki sem stutt hefur vel við Aftureldingu á árinu.

2. Sóttvarnaraðgerðir

Útilokun ungmenna frá íþróttastarfi: Aðalstjórn hefur áhyggjur af viðkæmasta hópi iðkenda á aldrinum 16-20 ára en þau mega ekki enn æfa skv. nýjustu reglugerð sem gildir til 12. janúar. Birna hefur átt samtöl við hagaðila, UMSK og UMFÍ, sem hafa komið þessum áhyggjum áfram til ÍSÍ. Í kjölfarið tóku íþróttahéraðssamböndin sig til og sendu sameiginlega áskorun til stjórnvalda sem lesa má á eftirfarandi slóð <https://umsk.is/ithrottahreyfingin-skorar-a-yfirvold>

3. Fjármál mfl.kk í knattspyrnu

Farið yfir fjármál mfl. kk í knattspyrnu á erfiðu rekstarári og fylgist framkvæmdastjóri með framvindu mála.

4. Samningur um úttekt á fjármálaferlum

Kristrún og Sigurður Rúnar funduðu með Sessor sem eru sérfræðingar í upplýsingatækni og stoðþjónustu. Þau bjóða upp á úttekt á stöðu upplýsingatæknimála og viðskiptaferla og samþykkti aðalstjórn að ráðast í þá vinnu á nýju ári.

5. Önnur mál

Farið var yfir verklag í vali á þjálfara ársins sem er ný tilnefning. Deildar skila inn sinni tilnefningu.

Fundi slitið kl.21:20

Kristrún Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.